

Nd.

226. Nefndarálit

um frv. til laga um dýralækna (stjórnarfrv. 18).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar litur svo á, að varhugavert sje að fækka dýralæknum frá því, sem nú er, en telur hinsvegar, að ætla megi dýralæknum viðtækara verkefni en þeir hafa nú og að með því móti geti þjóðin haft full not af starfi þeirra. Verður einkum að telja nauðsynlegt, að þeir veiti almenn- ingi fræðslu um eðli algengustu alidýrasjúkdóma og meðferð þeirra, t. d. með fyrirlestrum á bændanámsskeiðum. Gæti jafnvel komið til mála, að dýralæknar hjeldu sjerstök námsskeið í þessu skyni. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að atvinnumálaráðuneytið setji dýralæknum nýtt erindis- brjef, þar sem meðal annars sje ákveðið, að þeim sje skylt að veita almenningi fræðslu um eðli algengustu alidýrasjúkdóma og meðferð þeirra, með fyrirlestrum á námsskeiðum og á annan hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. febr. 1928.

Lárus Helgason,
form.

Jón Ólafsson,
fundaskrifari.
Einar Jónsson.

Bernh. Stefánsson,
frsm.